



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Borgarráði eru hér með sendar umsagnir og athugasemdir sem borist hafa vegna tónleika í Laugardal 21.-23. júní 2019.

Undirritaður óskaði eftir því við ýmissa samstarfsaðila vegna tónleikanna og þá sem höfðu áður fjallað um undirbúning tónleikanna að umsagnir þeirra bærust tímanlega, þannig að borgaryfirvöld gætu í haust tekið afstöðu til áframhaldandi tónleikahalds í Laugardal og samninga við tónleikahaldara o.fl. aðila.

Tónleikahaldarar hafa óskað eftir samkomulagi um tónleika 2020 og að þeir verði færðir viku aftar og yrðu þá 26.-28. júní 2020.

Þeir aðilar sem skilað hafa inn umsögnum eru:

- Miðbæjarathvarfið og frístundamiðstöðvar dags. 10. júlí 2019.
- Grasagarður Reykjavíkur dags. 8. júlí 2019.
- Foreldrafélag Laugalækjarskóla dags. 27. júní 2019.
- Íbúasamtök Laugardals dags. 17. júlí 2019.
- Greinargerð tónleikahaldara dags. 17. júlí 2019.
- Knattspyrnufélagið Þróttur dags. 31. júlí 2019.
- Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ódags.

Ekki voru gerðar neinar athugasemdir af hálfu Íþróttá- og sýningarhallarinnar, Fjölskyldugarðsins, World Class, ÍBR og Glímufélagsins Ármanns.


Ómar Einarsson
sviðsstjóri ÍTR

fsk. Afrit af bréfi sviðsstjóra ÍTR
til borgarráðs 24. júní 2019.

Minnisblað vegna Miðbæjarathvarfs í tengslum við tónlistarhátíðina Secret Solstice 21. – 23. júní 2019

Miðbæjarathvarf er samstarfsverkefni Velferðasviðs Reykjavíkurborgar, Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (frístundadeild) og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Markmið starfsins er að vinna samkvæmt 92. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002, og 1. og 36. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Hlutverk Miðbæjarathvarfs á Secret Solstice var að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna meðal barna og ungmenna, sinna þeim sem voru undir áhrifum vímuefna, gera foreldrum þeirra og/eða forsjáðilum viðvart um ástand þeirra og fá þá til að sækja sinn unglíng.

Gönguhópar frá lögreglu og félagsmiðstöðvum voru starfandi á Secret Solstice hátíðinni í Laugardalnum alla hátíðina þ.e. frá 21. – 23. júní. Því til viðbótar var starfandi athvarf á svæðinu. Þetta er þriðja árið sem þetta fyrirkomulag er við lýði en í annað skiptið sem athvarfið er staðsett inn á hátíðarsvæðinu. Þetta árið voru fleiri starfsmenn frá öllum aðilum. Lögreglan var einnig með lögreglubifreið og bifhjól á ferðinni í Laugardalnum sem óku um íbúðahverfin og við skóla og leikskóla. Athvarfið sjálf var staðsett í tjaldi við aðaltónleikasvæðið sem hátíðarhaldarar útveguðu auk þess var athvarfið með aðgang að gámi þar fyrir innan sem Slökkviliðið á Höfuðborgarsvæðinu útvegaði. Aðstaðan var fín en náði tæplega að halda utan um starfsemina vegna fjöldi unglínga sem komu í athvarfið. Einnig var aðgengi gott að sjúkratjaldinu, stjórnstöð og gæslu hátíðarhaldara. Gönguhópar félagsmiðstöðva höfðu afskipti af unglíngum á hátíðarsvæðinu án þess að færa þau í athvarf, bæði þeim sem voru ósjálfráða og einnig þeim sem voru eldri en 18 ára. Eftir að tónleikum lauk héldu starfsmenn félagsmiðstöðva áfram að vera til staðar og sinna þeim sem á þurftu að halda fyrir utan tónleikasvæðið.

Þessi 3 kvöld voru samtals 43 unglíngar skráðir í athvarfið. Það komu samt mun fleiri unglíngar við í athvarfinu sem starfsmenn mátu í lagi, ekki undir áhrifum né í þörf fyrir frekari aðstoð eða aðhlyningu, má lauslega áætla að þau hafi verið á annan tug. Þau sem skráð voru í athvarfið voru í mjög mismunandi ástandi en nokkur þeirra verulega ölvuð og hjálparvana. Langflest þeirra voru undir áhrifum áfengis. Í athvarfið komu einnig nokkrir einstaklingar eldri en 18 ára sem þurftu aðstoð vegna ölvunar.

Tónlistarhátíðin var degi styttri í ár og lauk fyrir miðnætti öll kvöldin. Einungis bárust tvær hávaðakvartanir en í fyrra voru þær 17 talsins. Umferð gekk mjög vel um Laugardalinn og er það vegna þess að engar lokanir voru á Engjavegi en í fyrra var Engjavegur lokaður að hluta vegna Tónleika í Laugardalshöll sem stóðu fram á nótt. Tónleikagestir lögðu við Laugardalshöll, Laugardalslaug, Grand Hótel og við Suðurlandsbraut og eftir tónleikahald fóru tónleikagestir strax af svæðinu. Bifreiðastæðum við KSÍ var lokað að hluta og vegna þess mynduðust síður hópar á bifreiðastæðunum eftir tónleikahald (skottapartý). Lentum við í töluverðum vandræðum í fyrra með þá sem söfnuðust saman eftir tónleikahaldið og héldu áfram að skemmta sér með tilheyrandi hávaða fyrir íbúa í kring. Í ár var allt annað ástand á þessu, þó bar aðeins á unglíngahópum á bílastæðum í kringum hátíðarsvæðið eftir að tónleikum lauk. Gæsla og lögregla voru mjög sýnileg og gekk vel að rýma svæðið en á laugardagskvöldinu gekk það hægar og var eitthvað um (skotta) partý á bílastæðum og nágrenni fram á nótt.

Í ár komu upp um 40 fíkniefnamál á svæðinu en í fyrra voru þau um 90 talsins. Er þetta góð þróun. Einhverjar stympingar komu upp á milli manna en engin líkamsárás hefur verið kærð né kynferðisbrot. Sama á við síðasta ár en þá komu engar kærur vegna þessara liða.

Almennt má segja að hátíðin hafi farið mun betur fram en síðustu ár. Meðalaldur hátíðarinnar virtist mun lægri í ár en í fyrra, mjög mikið var af unglungum bæði á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri. Gæslan var öflug og betur haldið utan um það sem snéri að unglungum. Það munaði mikið um að tónleikar væru búnir um kl. 23:30.

Það eru nokkur atriði sem betur mættu fara og hér eru þau helstu tilgreind:

Mikilvægt er að gæslustarfsfólk þekki sitt hlutverk alveg frá byrjun, þ.e. að vera meðvitað um lög og reglur hvað varðar áfengissölu, unglungadrykkju, umsjónarlausu unglunga, afhendingu armbanda og fleira sem snýr að mikilvægum þáttum gæslunnar.

Samkvæmt upplýsingum frá hátíðarhöldurum var fyrirfram mjög skýrt að allir þyrftu að sýna löggild skilríki til að fá afhent armbönd, þetta átti við bæði starfsmenn og almenna hátíðargesti. Yfir helgina voru starfsmenn okkar, 31 manns að öllu jöfnu ekki beðin um að sýna skilríki. Afgreiðsla starfsmannaarmbanda var staðsett í Skautahöll og þar voru einnig afhentir boðsmiðar.

Armbönd til starfsmanna, velunnara eða vina þurfa að vera á nafni viðkomandi strax við afhendingu og ef viðkomandi nýtir sér það ekki, þá er það armband ekki notað. Með því er komið í veg fyrir endursölu eða gjafir, til þá sérsaklega yngri gesta.

Einnig mikilvægt að áfengiskaupaarmband fylgi ekki sjálfkrafa til listamanna, þá sérstaklega þeirra sem eru undir 20 ára.

Starfsmenn urðu vitni að því að barþjónar voru að selja hátíðargestum lokaðar dósir á barnum sem samræmist ekki lögum. Einnig sáu starfsmenn að unglingar fengu mörg hver afgreiðslu á barnum þrátt fyrir að vera með Youth (13-17 ára) armbönd og ekki með áfengiskaupaarmband. Á laugardag setti gæsla hátíðarinnar í gang sérstakt gæsluteymi sem hafði það hlutverk að fylgjast með börnunum.

Verklag mætti vera skýrara varðandi einstaklinga sem brjóta reglur eða lög (t.d. verið að drekka áfengi undir 20 ára, tekin með fíkniefni, efnt til slagsmála eða annað). Óskýrt var hvort klippa ætti á armband viðkomandi eða hvort vísa ætti viðkomandi af svæðinu tímabundið.

Það hefði verið gagnlegt að hafa skilti eða upplýsingar um hvað ábyrgð á undir 18 ára einstakling þýðir. Það gæti virkað sem hvatning fyrir þá sem standa til ábyrgðar og fælingarmáttur fyrir þá sem íhuga að fylgja ókunnugum unglungum inn á svæðið.

Foreldrar þyrftu að skrifa undir eyðublað til að unglingar 13-17 ára fengu afhent armbönd þar hefði mátt vera ítarlegri upplýsingar frá foreldrum/forráðamönnum á ábyrgðaryfirlýsingu, t.d. *Verður forráðamaður sjálfur á svæðinu? Ef ekki, hver verður þá umsjónaraðili unglingsins fyrir þína hönd?*

Aðgengi að vatni á hátíðinni mætti vera betra. Einn vatnspóstur á göngustíg á bakvið Ármanns hús, sinnir ekki þörf 5-15 þúsund manna hátíð. Margir komu í sjúkratjald og í athvarf í leit að vatni.

10. júlí 2019

Andrea Marel Þorsteinsdóttir, Tjörnin, frístundamiðstöð
Guðrún Halla Jónsdóttir, Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
Rafn Hilmar Guðmundsson, Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu
Þórhildur Rafns Jónsdóttir, Kringlumýri, frístundamiðstöð

Frá: Hjörtur Þorbjörnsson <Hjortur.Thorbjornsson@reykjavik.is>

Sent: mánudagur, 8. júlí 2019 10:42

Til: Ómar Einarsson <omar.einarsson@reykjavik.is>

Afrit: Þórólfur Jónsson <thorolfur.jonsson@reykjavik.is>; Jóna Valdís Sveinsdóttir

<Jona.Valdis.Sveinsdottir@reykjavik.is>

Efni: SV: Tónleikar

Sæll vertu

Allt gekk vel hér í Grasagarðinum og var honum, eins á fyrri árum, lokað klukkan 10 á kvöldin föstudag, laugardag og sunnudag.

Við söknuðum þess að fá ekki upplýsingar frá tengiliðum Reykjavíkurborgar um stærð og umfang hátíðarinnar. Okkar tilfinning var sú að hátíðin væri nú í mun meira samræmi við svæðið og við urðum ekki vör við sölu fíkniefna eða neyslu í aðdraganda hátíðarinnar eða að hátíð lokinni eins og oft á undanförunum árum.

Verði hátíðin að sama umfangi eða minni á næsta ári þá mun ég líklega taka þá ákvörðun að hætta að loka garðinum á næturnar. Því óska ég eftir því að tengiliðir Reykjavíkurborgar við forsvarsmenn hátíðarinnar komi að upplýsingagjöf með markvissari hætti.

Með kveðju

Hjörtur Þorbjörnsson

Director / Forstöðumaður

Hortus Botanicus Reykjavikensis / Grasagarður Reykjavíkur

Tel: +354 411 8651, Mobile: +354 692 1645 hjortur.thorbjornsson@reykjavik.is

<http://www.grasagardur.is/>

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Skrifstofa náttúru og útivistar

<http://www.umhverfissvid.is/>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Umsögn foreldrafélags Laugalækjarskóla felst í þessum punktum sem teknir voru saman eftir foreldraröltið um helgina, ásamt því sem stjórnarmenn telja að hafi verið lykilþættirnir í því hvernig til tókst þetta árið.

Punktur frá foreldrarölti á Secret Solstice 2019.

- Efirlit með fíkniefnaneyslu og -sölu var mjög mikið og því var neyslan og salan minna áberandi í ár. Eftir föstudags- og laugardagskvöld voru þó komin upp 33 fíkniefnamál.
- Umgengni á svæðum nokkuð góð, skólalóðir alveg lausar við rusl og vímuefni
- Skottpartý á bílastæðum KSÍ voru miklu færri þar sem bílastæðum var lokað fyrir helgina. Þó voru þar á annan tug bíla með tjaldstóla og partý en ástandið mun viðráðanlegra en fyrri ár.
- Færri börn og unglingar án eftirlits í nágrenni hátíðarsvæðis og ánægjulegt að sjá foreldra og unglinga rölja saman heim að loknum tónleikum.
- Eitthvað um að unglingar reyndu að komast inn á svæðið fyrir girðingu hjá Þrótti en það var stoppað.
- Mikið af ungu fólki sem skemmti sér vel og án sjáanlegra vímuefna.
- Vel gekk að tæma svæðið föstudags- og sunnudagskvöld eftir að hátíð lauk en meira bras og partýhald á bílastæðum á laugardagskvöld að sögn ÍTR

Stærstu áhrifaþættir sem ollu því að Secret Solstice gekk betur árið 2019 en undanfarin ár!

- Lögregla tók föstum tókum á fíkniefnaneyslu strax frá fyrsta degi, var sýnileg og með fíkniefnahunda. Tónleikagestir fengu strax á fyrsta kvöldi skýr skilaboð og tekið yrði á neyslu ólöglegra vímuefna sem var mjög gott.
- ÍTR var með mjög mikla og vel skipulagða öryggisgæslu utan svæðis og mikla þjónustu innan svæðis fyrir ofurölvi ungmenni. Lokun bílastæða v. KSÍ reyndist jákvætt skref þó svo það héldi ekki alveg og nokkrum bílum væri lagt þar og gert út frá skottpartíum þar.
- Skilyrði hátíðarhaldara um aðgang 18 ára og yngri þar sem forráðamenn þurftu að skrifa undir leyfi og ábyrgð á unglíngnum á svæðinu skilaði greinilega góðum árangri.
- Aldur markhópanna sem tónlistin höfðar til skiptir líka miklu máli og heyrðist það núna að hún höfðaði ekki eins til 15-25 ára hópsins eins og gerði t.d. í fyrra.
- Aðsókn á hátíðina var miklu minni. 2018 var talað um allt að 15. þúsund manns en núna talar lögregla um 6. þúsund á föstudegi og 10. þúsund á laugardegi. Þar að leiðir að álag á svæðið var mun minna og því spurning hvort raunhæft sé að leyfa allt að 20. þúsund manns eins og núverandi samningur kveður á um.
- Styttning í þriggja daga hátíð þar sem dagskrá klárast 23.30-24.00 var mjög mikilvægt skref
- Hugsanlega voru foreldrar betur á varðbergi vegna umræðu um neyslu á hátíðinni undanfarin ár og hafa sett unglíngum sínum stífari reglur varðandi hátíðina.

Ályktun stjórnar

Ánægjulegt að sjá hve samstillt átak úr ýmsum áttum virðist hafa skilað sér og aðilar samstíga um að vanda sig við framkvæmdina að þessu sinni. Ætli Reykjavíkurborg að standa fyrir viðburði af þessu tagi aftur skiptir öllu máli að umfang viðburðar sé innan viðráðanlegra marka,

hámarksfjöldi 10.000 manns og reglum og lögum sé fylgt ítarlega eftir eins og gert var í þetta sinn. Aukaverkanir af hátíðinni mega ekki vera slíkar að hópur fólks beri skaða af. Auk þess telur stjórn foreldrafélagsins mikilvægt er að borgin kanni hug íbúa hverfisins varðandi hátíðina og sjái hvort meirihluti þeirra er hlynntur veru hennar í hverfinu.

Umsögn stjórnar Íbúasamtaka Laugardals (ÍL) vegna tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice 2019.

Stjórn ÍL sendir eftirfarandi umsögn vegna framkvæmdar tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice sem haldin var í Laugardal dagana 21. til 23. júlí 2019.

Meðlimir stjórnar hafa áður settið marga fundi bæði með skipuleggjendum á vegum fyrri og núverandi rekstraraðila og Reykjavíkurborgar til að koma sjónarmiðum íbúa á framfæri. Á vegum stjórnar hafa áður verið sendar inn umsagnir til borgarinnar 2016, 2017 og 2018 vegna hátíðarinnar, m.a. vegna ónæðis og álags á íbúa og nærumhverfi samhliða framkvæmd hennar.

Aðalfundur Íbúasamtaka Laugardals haldinn þann 28.maí 2019 ályktaði svohljóðandi:

Íbúasamtökin óska eftir því við Reykjavíkurborg að almenn viðhorfskönnun fari fram meðal íbúa hverfisins fyrir og eftir Secret Solstice hátíðina í ár.

Íbúasamtökin óska eindregið eftir því að borgaryfirvöld og skipulagsaðilar hátíðar sjái til þess að löggæsla verði næg yfir hátíðina.

Í fyrri umsögnum hefur það verið áréttað að íbúar við Laugardal hafi orðið fyrir miklu ónæði af gestum Secret Solstice hátíðarinnar þá daga sem hátíðin varir hverju sinni. Í ár voru nokkrar breytingar gerðar á ytri umgjörð hátíðarinnar. Hátíðin var aftur þriggja daga löng, í stað fjögurra, tónleikahaldi í Laugardal var hætt klukkan hálf tólf, umferðarstýring var aukin hvað varðar bílastæðanotkun og lokun fyrir gangandi vegfarendur um Teigahverfið seinni hluta dagskrár hvers dags. Þrif voru einnig aukin sem og löggæsla innan svæðis. Þegar það fer saman með færri gestum þá hefur framkvæmdin orðið mun ásættanlegri fyrir nærumhverfi og sést það vel á umsögnum íbúa, m.a. í samfélagsmiðlum.

Það er álit stjórnar Íbúasamtaka Laugardals að sá rammi sem náðst hefur að skapa um framkvæmd þessarar hátíðar nú þurfi að verða forskrift, ef framhald á að vera á þessari hátíð á borgarlandi. Þar skiptir mestu að fjöldi gesta sé ekki meiri en svo að löggæslan, forvarnarteymi og aðrir viðbragðsaðilar ráði við hann.

Með þökk fyrir tækifæri til að senda umsögn,

F.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals,

Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður
Netfang: ibuarlaugardals@gmail.com

Reykjavík 17. Júlí 2019

Umsögn til Borgarráðs vegna Secret Solstice hátíðarinnar 2019

Secret Solstice hátíðin fór fram í Laugardal dagana 21. til 23. Júní síðastliðinn. Þetta er í sjötta sinn sem hátíðin fer fram og í sjötta sinn fer hún fram án þess að upp komin alvarleg tilvik vegna árása eða slysa.

Töluverðar breytingar voru gerðar á hátíðinni frá fyrra ári og má þar helst nefna að ekki var lengur dagskrá í Laugardalshöll eftir að útihátíðarsvæði lokaði ásamt því sem dögum sem hún varði var fækkað úr fjórum í þrjá. Gerðar áherslubreytingar varðandi tónlistarvall á hátíðinni og þannig reynt að höfða til breiðari aldurshóps en áður. Þá var bætt við leikstækjum á svæðinu til að hafa meira um að vera fyrir þá sem yngri eru (og þá sem eru ungir í anda)

Lokun á bílstæði við KSÍ ásamt götulokunum inn á göturnar sem liggja út frá Reykjavegi gáfu einnig góða raun.

Þá var gerð breyting á því hvernig armbönd voru afhent á hátíðina – en þau voru afhent gegn framvísun skilríkja í tjaldi við hliðar við aðalinngang. Þá voru í fyrsta sinn sérstök ungmennaarmbönd fyrir þá sem voru á aldrinum 13 til 17 ára. Þeir sem voru á þeim aldri þurftu að fá foreldra sína með sér til að skrifa undir leyfi fyrir viðkomandi að koma inná hátíðina, en sú yfirlýsing sem foreldrar skrifuðu undir var eftirfarandi:

“Með undirskrift minni staðfesti ég að ég er löggildur forráðamaður þess barns sem um ræðir og gef barninu leyfi til þess að fara á Secret Solstice hátíðina helgina 21. til 23. júní 2019. Jafnframt staðfesti ég að ég mun tryggja að ég eða einhver á mínum vegum sem náð hefur 20 ára aldri mun fylgja barninu á hátíðina og tryggja velferð þess að öllu leyti.”

Þetta gekk vel fyrir sig og voru foreldrar almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag. Um 700 ungmenni á þessum aldri fengu miða og undirskriftir foreldra sinna og er það álit hátíðarhaldara að langstærsti hluti foreldra hafi staðið við þetta loforð sitt. Eins og alltaf eru þó einhverjir svartir sauðir og urðum við vör við að lítil hluti foreldra passaði ekki uppá að einhver á þeirra vegum tryggði velferð sinna barna þar sem einhver hluti lenti í vandræðum vegna áfengisneyslu og þurfti aðstoða sjúkraliðs eða starfsmanna félagsmiðstöðva sem voru á svæðinu.

Almennt gekk framkvæmd hátíðarinnar mjög vel og ekki skemmdi gott veður fyrir, bæði í undirbúningu og á meðan hátíðinni stóð. Þó má minnst á að fyrsta kvöldið komst upp um 2-3 starfsmenn sem voru ekki að fylgja eftir ströngum reglum um afgreiðslu á borunum og var þeim samstundir vísað af svæðinu.

Hátíðarhaldarar vilja koma á framfæri sérstöku þakklæti til lögreglu, slökkviliðs og starfsmanna félagsmiðstöðva sem voru með okkar frábæra gæslufólki frá fyrirtækinu Norður og Niður ehf í því að tryggja að allt færi vel fram. Þá viljum við þakka okkar frábæru starfsfólki fyrir sinn hluta. Þeir sjálboðaliðar sem komu frá Þrótti og hjálpuðu til við að halda svæðinu hreinu eiga líka hrós skilið

Þá viljum við þakka Reykavíkurborg fyrir að taka þetta með okkur alla leið og tryggja það að hátíðin gæti farið fram þetta árið. Við vonum að við höfum sýnt að það er vel hægt að halda svona hátíð inni miðri borg í sátt við flesta.

Að lokum vilja hátíðarhaldarar formlega fara þess á leit að færa hátíðina næsta sumar aftur um eina helgi, eða til helgarinnar 26. til 28. Júní 2020. Er það vegna þess að samningar um að fá stærstu hljómsveit í sögu hátíðinnar til að koma og spila eru langt komnir en hún getur því miður ekki komið fram nema þessa helgi.

Með von um jákvæð svör og tilhlökkun til næstu hátíðar

Fyrir hönd aðstandenda Secret Solstice

Jón Bjarni Steinsson



Knattspyrnufélagið Próttur – Trottur FC

Reykjavík, 31.júlí 2019

Umsögn og athugasemdir vegna Secret Solstice í júní

Tónlistarhátíðin Secret Solstice sem fram fór í Laugardalnum í júní 2019 hafði til umræða töluvert af æfingasvæði Próttar í um tvær vikur en þó mun minna svæði en áður. Svæðið sem um ræðir er Valbjarnarvöllur þar sem tónleikarnir fóru fram. Svæðið er afar mikilvægt vegna knattspyrnuæfinga yngri flokka Próttar yfir sumartímamann en áætlað var að vegna tónleikanna myndu þau ekki nýtast til æfinga í u.þ.b. tvær vikur, þ.e. nokkra fyrir tónleikana vegna undirbúnings og svo í viku til 10 daga eftir tónleikana vegna tiltektar og endurbóta á svæðinu. Búið var að gera ráð fyrir því að svæðin yrðu ekki nýtt til æfinga eða keppni frá 12. júní til 30. júní og voru gerðar ráðstafanir af hálfu félagsins til þess að færa til æfingar og æfingatíma í samræmi við þá áætlun.

Góð tíð gerði það að verkum að svæðið var vel undirbúið til þess að taka við tónlistarhátíðinni, gerðar voru ráðstafanir til þess að hafa það sem best undirbúið og er skemmst frá því að segja að þær áætlanir allar gengu vel upp. Völlurinn kom nokkuð vel undan hátíðarhelginni og var strax hafist handa við það að lagfæra það sem hafði skemmst eða var illa farið vegna ágangs.

Umgengnin á svæðinu var í heild líka betri en áður, rusl var týnt jafnóðum og við yfirferð á svæðinu alla dagana varð lítið vart við rusl og svo virtist sem skipuleggjendur tónleikanna leggðu sig vel fram í því að halda því eins snyrtilegu og mögulegt var með skipulagðri hreinsun.

Þrátt fyrir að vel hafi tekist til við undirbúning á vallarsvæðinu og að það hafi komið nokkuð vel undan hátíðinni þá verður ekki framhjá því lítið að tónleikahald á grassvæðinu undanfarin ár hefur skemmt völlinn mikið og er nú svo komið að mati félagsins að vallarsvæðið sé í raun ekki hæft undir keppni í knattspyrnu. Það mun nýtast félaginu til æfinga líkt og áður, þó í minna mæli, en það hefur jafnframt verið nýtt til keppni í yngri aldursflokkum og nú er svo komið að færa verður þá leiki á annað svæði.

Gott veðurfar og hlýindi í lofti gerðu auðvitað vallarsvæðinu gott og er líklega helsta ástæða þess að ástandið var nokkuð gott í kjölfar hátíðarinnar en það er ekki hægt að reikna með því til frambúðar að við verðum svo heppin með aðstæður. Í miklum rigningum líkt og var árið 2018 er ljóst að mjög tæpt er að vallarsvæðið sé tilbúið fyrir knattspyrnuhátíð sem haldin er síðla júlímánaðar.

Í heild er óhætt að fullyrða að allt skipulag, hreinsun og áætlanagerð hafi verið með mun betra móti heldur en áður. Tiltekt eftir hátíðina gekk skv.áætlun og voru öll samskipti við bæði Reykjavíkurborg og skipuleggjendur tónleikanna með miklum ágætum. Gagnkvæmur skilningur ríkir varðandi nýtingu vallarsvæðins og í flestum tilfellum fóru tónleikahaldarar eftir fyrirmælum sérfræðinga borgarinnar um umgengni á vellinum. Þó komu upp atvik þar sem stórir flutningabílar keyrðu yfir grassvæðið til þess að skila af sér búnaði og verður að tryggja framvegis að svo verði ekki og að öllum viðkomandi sé gert ljóst að hér er um knattspyrnuvöll að ræða.



Knattspyrnufélagið Þróttur – Trottur FC

Óhjákvæmilegt er að geta þess að Þróttur hefur fengið allmargar fyrirspurnir og athugasemir frá fjölskyldufólki í Laugardalnum og foreldrum iðkenda um þessa hátíð og það sem þar fer fram, innan og utan svæðis. Ljóst er að margt af því fer ekki vel saman við starf íþróttafélags. Ekki er hægt að horfa fram hjá því þegar ákvörðun er tekin um framtíð Secret Solstice á þessum stað og þessum tíma.

Forsvarsmenn Þróttar eru hvenær sem er tilbúnir að veita frekari upplýsingar og lýsa afstöðu félagsins til Secret Solstice verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

Þórir Hákonarson
Íþróttastjóri Þróttar



Lokaskýrsla umhverfiseftirlits v. eftirlits á Secret Solstice 21-23. júní 2019

Dagana 21.-23. júní 2019 komu fulltrúar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, umhverfiseftirlit í eftirlitsferðir á tónlistahátíðina Secret solstice sem fram fór í Laugardal. Í þessum ferðum var haft eftirlit með úrgangsmálum, umgengni, hreinlæti og þrifum, salernismálum, húðflúri og hávaðamálum út frá hollustuhátta og mengunarvarnasjónarmiðum og í samræmi við sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir hátíðina.

Viðhorf starfsmanna á hátíðinni gagnvart störfum heilbrigðisfulltrúa var gott og samstarf gekk prýðilega.

Úrgangur, almenn þrif, tiltekt og umgengni á svæðinu:

Almennt virtust þessir þættir í sæmilegu lagi á hátíðinni. Við eftirlit var aldrei gengið fram á yfirfullar sorptunnur á hátíðarsvæðinu. Stubbahús voru ekki til staðar á hátíðarsvæðinu fyrir utan VIP svæðið. Í eftirfylgniferð þann 25. júní var svæðið tekið út eftir hátíðina og var ekkert rusl á svæðinu en frágangi var ekki lokið.

- Hvað má betur fara:
 - o Stubbahús þurfa að vera til staðar á fleiri svæðum en bara á VIP svæðinu.

Salernismál:

Færanlegar salerniseiningar voru víða um svæðið og varð ekki betur séð en að fjöldi þeirra væri almennt nægur miðað við fjölda hátíðargesta. Sápa/gerileyðir voru til staðar á stórum hluta salerniseininga en einnota handþurrkur voru hvergi til staðar. Almennt virtust þrif á þessum einingum í lagi. Aðgengi fatlaðra var almennt ágætt að salernum. Eitthvað var um það að vatn vantaði á salerniseiningar. Á svæðinu auk færanlegra salerna svokölluð mígildi og rennur með rennandi vatni sem tengdar voru með leiðslum og dælum í fráveitukerfi borgarinnar. HER gerir enga athugasemd við hönnunina.

- Hvað má betur fara:
 - o Gæta þarf að því að fyllt sé á vatnstanka á salerniseiningum.

Húðflúr:

Komið var í eftirlit 21. júní og var aðstaða fullnægjandi með rennandi vatni í handlaug og aðskilnaði áhorfenda frá vinnurými. Skoðuð var vinnuaðstaða sem var uppsett. Ekki var búið að sækja starfsleyfi fyrir húðflúrur og var bent á að ekki væri leyfilegt að húðflúra án þess að hafa starfsleyfi uppi. Starfsleyfi var sótt og sett upp. Fullnægjandi.

Barnasvæði:

Komið var í eftirlit þann 21. júní og var aðstaða fullnægjandi. Skoðuð voru tjöld, skiptiaðstaða, sölubás og leiktæki og rætt við Valdísi Helgu forsvarsmann. Engar athugasemdir gerðar.

Hávaði og hljóðmælingar:


Ekki voru gerðar hljóðmælingar inni á hátíðarsvæðinu að þessu sinni heldur voru hljóðmælar settir upp á tveimur stöðum í Laugardalnum. Annar mælirinn var settur upp við Hofteig 54 og hinn var settur upp á opnu svæði fyrir neðan Laugarásveg. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur bærust engar kvartanir vegna hávaða frá hátíðinni. Hávaði var ekki marktækt yfir bakgrunnsgildum en taka skal




fram að á laugardeginum og á sunnudeginum var tónlist spiluð fram yfir miðnætti. Skv. starfsleyfisskilyrðum fyrir hátíðina var skilyrt að tónleikum skuli lokið ekki seinna en 23:30. Því er þetta greinilegt frávik frá starfsleyfisskilyrðum hátíðarinnar.

- Hvað má betur fara:
 - o Gæta þarf að því að tónleikar fari ekki yfir leyfilegan starfstíma.


Niðurstöður hljóðmælinga:




Mynd 1 Myndin sýnir hljóðstig á báðum hljóðmælum á meðan hátíðin stóð yfir 21-23. júní



Mynd 2 Myndin sýnir hljóðstigið á báðum hljóðmælum þann 21. júní



Mynd 3 Myndin sýnir hljóðstigið á báðum hljóðmælum þann 22. júní



Mynd 4 Myndin sýnir hljóðstigið á báðum hljóðmælum þann 23. júní